

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Ár 2016, föstudaginn 2. desember, var haldinn 158. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 10:15. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Anna Margrét Jóhannesdóttir frá Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sat fundinn undir lið 4. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. 9 mánaða uppgjör

Slökkviliðsstjóri lagði fram níu mánaða uppgjör ársins 2016.

Eftirfarandi lagt fram:

- 9 mánaða uppgjör SHS 2016, dags. 2. desember 2016.
- 9 mánaða uppgjör SHS fasteigna 2016, dags. 2. desember 2016.
- 9 mánaða uppgjör AHS 2016, dags. 2. desember 2016.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Rekstrarúttekt

Farið var yfir stöðu mála varðandi úttekt Framsækni ehf. fyrir hönd SSH á rekstri SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Brunavarnaáætlun

Formaður fór yfir fund sem hann og slökkviliðsstjóri áttu með forstjóra Mannvirkjastofnunar um brunavarnaáætlunina og slökkviliðsstjóri skýrði frá framvindu við gerð hennar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Afrit af bréfum Mannvirkjastofnunar til sveitarfélaga vegna brunavarnaáætlunar, dags. 14. nóvember 2016.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Innri endurskoðun

Anna Margrét frá innri endurskoðendum Reykjavíkurborgar fóru yfir innri endurskoðunar-áætlun fyrir árið 2017.

Eftirfarandi lagt fram:

- Innri endurskoðun Rvk; innri endurskoðunaráætlun SHS 2017, dags. 26. október 2016.

Afgreiðsla: Verkefnaáætlun Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar fyrir SHS 2017 samþykkt og slökkviliðsstjóra falið að ganga frá samning um það.

5. Markmið í loftslagsmálum

Loftslagsstefna SHS og markmið SHS í loftslagsmálum lögð fram til samþykktar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Loftslagsstefna SHS, dags. 2. desember 2016.

Afgreiðsla: Loftslagsstefna SHS samþykkt og undirrituð.

6. Festa samfélagsábyrgð, aðild

Aðild SHS að Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð borin undir stjórn.

Afgreiðsla: Frestað.

7. Önnur mál

7.1 Ráðningamál

Farið yfir stöðuna á starfsmannafjölda og þörf fyrir nýráðningar.

Afgreiðsla: Samþykkt að setja ráðningaferli í gang og auglýsa.

7.2 Metan ehf.

Lagt fram erindi frá Metan ehf. til stjórnar SHS, ósk um viðræður.

Eftirfarandi lagt fram:

- Metan ehf.; Notkun metanknúinna ökutækja hjá SHS, dags. 14. nóvember 2016.

Afgreiðsla: Ákveðið að boða forsvarsmenn Metan ehf. á fund stjórnar.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fundi slitið klukkan 11.30

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Fylgiskjöl:

- 9 mánaða uppgjör SHS 2016, dags. 2. desember 2016.
- 9 mánaða uppgjör SHS fasteigna 2016, dags. 2. desember 2016.
- 9 mánaða uppgjör AHS 2016, dags. 2. desember 2016.
- Afrit af bréfum Mannvirkjastofnunar til sveitarfélaga vegna brunavarnaáætlunar, dags. 14. nóvember 2016.
- Innri endurskoðun Rvk; innri endurskoðunaráætlun SHS 2017, dags. 26. október 2016.
- Loftslagsstefna SHS, dags. 2. desember 2016.
- Metan ehf.; Notkun metanknúinna ökutækja hjá SHS, dags. 14. nóvember 2016.